



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 24.11.21 2021 kl. 17 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson.

### Dagskrá:

1. Formaður setur fund og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Stjórn skiptir með sér verkum.

Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari og meðstjórnendur Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson.

Gróf verkaskipting : Sverrir tengsl við mótanefnd, umhverfisnefnd, karlatöltsnefnd. Pétur mun fylgjast með reiðvegum og málum tengdum þeim, umhverfisnefnd og laganefnd. Kolfinna ætlar að byrja á því að færa bókhald sjálf, svo og hafa tengsl við kvennatöltsnefnd, öryggisnefnd, firmanefnd. Margrét tengsl við metamótsnefnd, tækninefnd og skemmtinefnd. Sigríður mótanefnd, skemmti/árshátíðarnefnd, metamótsnefnd og áhugamannadeild. Jenný fræðslunefnd og æskulýðsnefnd. Gunnar Már umhverfinefnd, vallarnefnd, kalratöltsnefnd, mótanefnd.

2. Stefnumótun/ framtíðarsýn.

Rætt um svæðið og framtíðarmöguleika.

Félagshesthús og kennsluhöll. Breytingar á skipulagi vegna þessa

Bæta og fjölga gerðum, yfirbyggð gerði.

Bæta gróður í brekkum, slá oftár.

Viðhalda völlum

Innra starf félagssins. Virkja fleira fólk.

Ráða þjálfara

Halda áfram með öflugt námskeiðahald fyrir alla

Ný heimasíða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 8. desember 2021 kl 18 í Samskipahöllinni.

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson.

### Dagskrá:

1. Áframhaldandi umræða um vinnuna framundan.

Gróf verkaskipting stjórnar: Sverrir tengsl við mótanefnd, umhverfisnefnd, karlatöltsnefnd. Pétur mun fylgjast með reiðvegum og málum tengdum þeim, umhverfisnefnd og laganefnd. Kolfinna ætlar að byrja á því að færa bókhald sjálf, svo og hafa tengsl við kvennatöltsnefnd, öryggisnefnd, firmanefnd. Margrét tengsl við metamótsnefnd, tækninefnd og skemmtinefnd. Sigríður mótanefnd, skemmti/árshátíðarnefnd, metamótsnefnd og áhugamannadeild. Jenný fræðslunefnd og æskulýðsnefnd. Gunnar Már umhverfinefnd, vallarnefnd, kalratöltsnefnd, mótanefnd. Stjórnin sér um vetrarleikana. Fréttabréf, gera hálfsmánaðalega. SE, JE og framkvæmdastjóri. Framkvæmdastjóri tengill við allar nefndir

2. Hvað vilja félagsmenn. SE ætlar að setja upp könnun fyrir félagsmenn.
3. Búið að hafa samband við aðila til að útbúa nýja heimsíðu. SE
4. Formaður og framkvæmdastjóri munu verða í sambandi við bæjarfulltrúa og bæjarstarfsmenn. Áframhaldandi samtal varðandi félagshesthús og æfingahöll og skipulagsmál því tengdu.
5. Einstaklingur hefur sýnt áhuga á öðrum húsinu fyrir sunnan höllina, framkvæmdastjóri hefur leyfi stjórnar til að ráðstafa þeim, félagið mun ekki nota þau.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 21. desember 2021, kl 18:45

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

Dagskrá:

1. Starfsmannamál. PÖS
2. Vegna Covid hefur frestast að veita viðurkenningar félagsins til knapa. Afhending nú efir fundinn kl 20. SE
3. Formaður og framkvæmdastjóri hafa verið í sambandi við bæjarfulltrúa og bæjarstarfsmenn. Áframhaldandi samtal varðandi félagshesthús og æfingahöll og skipulagsmál því tengdu.

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:45



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: Símafundur 5. janúar 2022 kl 19:00

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

Dagskrá:

1. Rætt um að breyta reglum er varða íþróttafólk Sprettis. LS og JE taka að sér.
2. Komin niðurstaða úr könnun varðandi áhersluatriði félagsmanna. Öryggismál eru ofarlega, vandamál með umferð í gegnum svæðið og merkingu á reiðleiðum.
3. Heimasíða er í smíðum. Kostnaðaráætlun um kr 300 - 500.000,-

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 19. janúar 2022, kl 18:00 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari

### Dagskrá:

1. Málefni knapa er varð fyrir alvarlegu slysi á svæðinu. SE og PÖS verða í forsvari fyrir félagið í þessum samskiptum.
2. Rætt um skipulagsmál, deiliskipulag Kópavogsmegin sem nauðsynlegt er að gera breytingar á vegna stækkunar hallar. Sameina þarf reiti í deiliskipulagi. Senda þarf inn erindi til Kópavogsbæjar
3. Kynntar nýjar reglur og samþykktar fyrir kjör íþróttafólks Sprettis. LS og JE
4. Landsmót 2024. Gera þarfagreiningu fyrir hvað þarf að laga /viðhalda á svæðinu. GMP, LS
5. Keppnisnámskeið að byrja fyrir börn, unglinga og ungmenni sem undirbúningur fyrir Landsmót 22 á Hellu. Þórdís Anna Þjálfari sér um það.
6. Heimasíðan er í vinnslu. SE
7. Ákveðið á athuga með að halda páskabingó til fjáröflunar fyrir félagið. MT
8. Stefnt að nefndarkvöldi um eða eftir miðjan mars. Stjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 2. febrúar 2022, kl 17:30

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

Dagskrá:

1. Heimasíða kynnt SE
2. Starfsmannamál.
3. Dymbilvikusýning
4. Mikill snjór, snjómosktur. Garðabær stendur við sitt, Kópavogur erfiður.
5. Nefndakvöld

Fleira ekki gert, fundi slitið

SE.



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 23. febrúar 2022 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson.

Dagskrá:

1. Undirbúningur fyrir landsmót í sumar á Hellu. LS
2. Páskabingo. MT
3. Búið að setja upp og ganga frá gerði við Heimsenda. Sjálfboðaliðarnir Davíð Áskels, Sigríður Helga, Árni Jónsson, Jóna Guðný, Lilja og Birgir sáu um verkið.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

LS



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 2. mars 2022, kl 17:30

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

Dagskrá:

1. Heimasíða kynnt SE
2. Starfsmannamál. PÖS
3. Dymbilvikusýning
4. Mikill snjór, snjómosktur. Garðabær stendur við sitt, Kópavogur erfiður.
5. Nefndakvöld
6. Næstu helgi verður hundasýning. Félagið fær góðan pening fyrir leigu og sölu veitinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið

SE.





Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 23. mars 2022, kl 17:30 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson.

Dagskrá:

1. Reiðveganefnd er búin að vinna athugasemdir við deiliskipulag Hörðuvalla – Tröllakórs þar sem tillaga er um að skólagarðar og garðlönd ásamt aðstöðuhúsi séu fyrirhuguð innan deiliskipulagsmarka Kjóavalla við Tröllakórs. Þessum hugmyndum harlega mótmælt og bréf með athugasemdum Sprettis sent á Kópavogsbæ dagsett 14. mars s.l. PÖS
2. Áhugamannadeildin gengur vel, en reglum um umgegni og sóttvarnir vegna Covita fylgt.
3. Góð þátttaka á þrígagnsmóti 11. mars, vetrarleikum 13. mars og Blue-Lagoon er hafin, tveimur mótum lokið.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:45

LS



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 30. mars 2022, kl 18:00

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir og Gunnar Már Þórðarson

### Dagskrá:

1. Áhugamannadeildin hefur gengið vel, góð þátttaka.
2. Heimasíðan. Verið að reka á eftir framkvæmdaaðila að setja upp heimasíðuna, á síðustu metrunum . SE
3. Verið að undirbúa Kvennatölt og skemmtun á eftir 23. apríl. Kvenatölsnefnd.
4. Námskeiðhald gengur vel, hallrinar eru vel bókaðar og félagsmenn nýta sér að kaupa lykla að höllunum.
5. Skipulagsmál/uppbygging svæðis. Rætt um höll, félagsheshús og upphitunarhöll.  
Fá tilboð og í sækkun til að kynna fyrir bæjarfélögum GMP og LS
6. Húsasmiðjuhöllin. Tilboð komið í varmadælu fyrir litlu höllina. Laga þarf gler í lofti. Mikilvægt að bæta aðstoðu í þeirri höll. WC aðstaða verður sett upp - vinnuskipti fyrir skúrana vestan megin við Samskipahöllina. LS
7. Varaformaður sagði frá fundi með Garðabæ um reiðvegi. PÖS
8. Kynbótasýning verður 30. maí til 3. júní og 7-10 júní
9. Bingo verður haldið 12. apríl, gegnur vel að safna vinningum. MT

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:15

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 6. apríl 2022, kl 17:30 í samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Margrét Tómasdóttir ritari og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

### Dagskrá:

1. Firmakeppni framundan 21. apríl. Karlatöltsnefndin auk einstaklinga úr Metamótsnefnd eru að safna. SE, MT, LS
2. Siðustu vetrarleikar á sunnudag, 10. apríl. JE
3. Samskipti við sveitarfélögin erfið vegna LM24 vegna kosninga. Báðir bæjarstjórar að hætta og þeir vilja greinilega ekki festa neitt, vísa á fjárhagsáætlun sem verður unnin í haust. SE
4. Vika í Dymbilvikusýningu, gengur vel að fá atriði. LS
5. Hreynsunardagur félagsins verður 20. apríl Framkvæmdastjóri fær gáma og áhöld frá bæjarfélögunum
6. Framkvæmdastjóri sagði frá samningi við Garðlist varðanid grasslátt á brekkum í sumar. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:20

MT



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 27.apríl 2022 kl 17:30 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Viðburðir í apríl gengu vel: Bingó, Vetrarleikar, Kvennatölt og Karlatölt. Góð þátttaka. LS
2. Ákveðið að kanna möguleika á því að kaupa sæti í höllina LS
3. Framkvæmdastjóri fór yfir félagsstarfið sem er öflugt. Námskeið eftirsótt og verið að undirbúa sumarið LM22 á Hellu. Eigum 15 knapa í hverjum flokki. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19:00

MT



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 11.mai 2002 kl 18 í Samskipahöllinni.

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir

Dagskrá:

1. Íþróttamótið í s.l. helgi gekk vel. Sérstakur hópur sjálfboðaliða sá um mótið og stóð sig frábærlega
2. Heimasíðan að verða tilbúin í loftið SE
3. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi koma nú eftir fundinn og kynna sér starfsemi félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:45

MT



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 24. maí 2002 kl 17 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

Dagskrá:

1. Starfsmannamál SE PÖS
2. Heimasíðan er tilbúin SE
3. Rætt um LM24 sem halda á í Spretti. Stuðning sveitarfélaga, uppbyggingu svæðins og skipulag.
4. Gæðingamót framundan og úrtaka fyrir Landsmót á Hellu. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19:15

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 7. júní 2022 kl 18 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

### Dagskrá:

1. LM24. Illa gengur að fá fund með bæjarstjórum og fulltrúum bæjarfélaganna til að ræða aðkomu sveitarfélaganna að mótinu. Í einkasamtölum eru allir velviljaðir að hjálpa en fjármál sérstaklega hjá Kópavogi eru erfið. Farið yfir hvað við þurfum að lagfæra svæðið fyrir mótið (vellir, brekkur, bílastæði, tjaldstæði, rafmagn, svæði fyrir sölutjöld, gólf í Samskipahöllina). Setja upp og biðja um fund með bæjarstjórum þar sem LM24 verður kynnt fyrir þeim og hvernig þau geta komið að stuðningi við félagið.
2. Uppbygging svæðisins fyrir félagsstarfið, hinn aukna fjöldi félagsmanna. Reiðhallirnar eru sprungnar, mikil eftirspurn eftir tímum og því nauðsynlegt að reisa kennsluhöll. Einnig er mikil ásókn í félagshesthús sem gengur mjög vel og þarf félagið að byggja eitt slíkt í tengslum við kennsluhöllina. Mikilvægt að bæta reiðvegi og lýsingu þeirra.
3. Gæðingakeppnin s.l helgi gekk vel, góð þátttaka og undirbúningur fyrir LM22 á Hellu gengur vel. Sprettur verður með afmakrað svæði í tjaldbúðum og samþykkt að halda grillveislu eitt kvöldið. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: Símafundur 21. júlí 2022 kl 20:30

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Samningur við Samskip runninn út, viðræður við Samskip um endurnýjun SE
2. Svæðið og LM24.
3. Norðurlandamót í hestaíþróttum. Sprettur á 3 knapa sem taka þátt fyrir Íslands hönd. Samþykkt að styrkja þau um kr. 60.000,- hvert. Einnig bent á að bæjarfélögin styrkja oft landsliðsfólk sitt. LS
4. Rætt um stöðu þjálfara hjá félaginu. Gott starf er hjá unga fólkinu en eldri kalla líka á þjálfara frá félaginu. Mikilvægt að meta og þróa áfram. LS, JE
5. Rætt um mikilvægi þess að hita upp Húsasmiðjuhöllina. Framkvæmdastjóri kannar möguleika á varmadælu. LS
6. Rætt um að sækja um Íslandsmót á næsta ári LS
7. Metamótsnefnd farin að undirbúa mótið, byrja að auglýsa það 2.- 4. september. MT
8. Landsþing LH verður í Reykjavík, Fákí 4. – 5. nóvember í haust

Fleira ekki gert, fundi slitið 21:45

MT





Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 16. ágúst 2022 kl 17 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson

Dagskrá:

1. LM24.

Áframhald á umræðu um landsmót.

Framkvæmdastjóri lagði fram teikningu þar sem búið er að teikna inn þá starfsemi og það pláss sem þarf fyrir mótið. Rúmast vel á svæðinu.

Beiðni liggur fyrir bæjarstjórum að fá fund. Varðandi svæðið þá er verið að bíða eftir kostnaðaráætlun fyrir rafmagn og að græða betur upp svæðið.

Fleira ekki gert, fundi slitið 17:50

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: Símafundur 6. September 2022 kl 20

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

### Dagskrá:

1. Nýafstaðið Metamót gekk vel og öllum til sóma. MT, LS, SE
2. Þjálfaramál. Þórdís Anna ætlar að skila skýrslu þar sem farið er yfir starfið síðasta ár. LS
3. Áhugamannadeildin gekk vel. Formaður Arnar Heimir Lárusson hefur sagt sig frá verkefninu og þarf nýtt fólk. Nokkrar uppástungur og vinna þarf málið áfram LS SE
4. LM24 Rætt um undirbúnings svæðis. LS
5. Rætt um hversu mikilvægt er að fá stuðning sveitarfélaga við umhirðu svæðis og eigna, starfsmann sem sér um eftirlit og viðhald.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21

MT



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 28. september 2022 kl 17:30

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Árshátíð. Íþróttafólk Sprettis verður heiðrað.
2. Þjálfaramál, fræðslumál. Þórdís Anna mun sjá um að skipuleggjanámskeið og kennslu.
3. LM24. Undirbúningur fyrir fundi með bæjarfélöggunum SE
4. Landsþing. Eigum 22 fulltrúa, framkvæmdastjóri mun auglýsa eftir áhugasömum félögum til að sitja þingið fyrir okkar hönd. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:30

LS



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 17. október 2022 kl 17:30 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

### Dagskrá:

1. LM24. Formaður, varaformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru á fundi bæjarstjóra Kópavogs og Garðabæjar. Með bæjarstjóra Garðabæjar voru Björg Fenger og fulltrúi íþróttu og tómstundaráð. Kynnt var framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun og verkefnið rætt. Velvilji koma frá fulltrúum Garðabæjar en meiri fyrirvari frá bæjarstjóra Kópavogs. SE
2. Fræðslumál. Rætt um hvernig best er að skipuleggja þjálfaramál. Einn eða fleiri þjálfara, ungir og eldri félagar, einkatímar vs hóptímar/námskeið. JE LS
3. Árshátíð/sjálfbóðaliðakvöld 19 nóvember. Þjóða sjálfbóðaliðum sem eru að vinna allt árið fyrir okkur og koma alltaf ef kallað er. Smá þakklætisvottur LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:45

LS



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 31. október 2022 kl 18 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. LH þing 4.- 5. nóvember. Sprettur á 23 fulltrúa og mikilvægt að við mætum sem flest.
2. LM24- Landsmótið dagsett 1. – 7. Júlí 2024.
3. Stuðningur bæjarfélaga við LM24 enn á umræðustigi.
4. Árshátíð verður 19. nóvember. Þjóða bæjarstjórum og sitthvorum bæjarfulltrúa á árshátíðin.
5. Íþróttamaður/kona/ ungmenni/unglingur Spretts. JE LS
6. Húsasmiðjuhöllin. Ræddir kostir og gallar varmadælu en svo er að koma nýr vinkill því hitaveita verður lögð í nýja hverfið sem farið er að grafa og því stutt í leiðslu til að taka inn hitaveitu í höllina. Framkvæmdastjóra falið að kanna hitaveitu og sækja um hana fyrir Hattavallahöllina. LS
7. Búið að panta og eru á leiðinni 800 stjólar í Samskipahöllina. LS
8. Rekstur salarins gengur vel, mikil útleiga var í sumar fyrir brúðkaupsveislur og heldur áfram með haustinu. Borð í veislusal eru mjög lúin og erfitt að færa til. Starfsfólk ræður illa við þau. Kanna hvort hægt sé að fá borð sem eru léttari og handhægari. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 14. nóvember 2022 kl 18

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Jenny Eriksson og Gunnar Már Þórðarson

### Dagskrá:

1. Árshátíð 19. nóvember. Undirbúningur gengur vel, verður vel sótt. Í framhaldi var rætt um viðurkenningar/merkjaveitingar. Til eru brons, silfur og gullmerki Sprettis en lítill rammi um þær viðurkenningar. Þörf á að finna reglur ef þær hafa verið settar eða útbúa reglugerð og virkja þessar viðurkenningar. PÖS, MT.
2. Tilkynning hefur komið frá Hrossaræktarfélagi Sprettis um að það komi tillaga, á aðalfundi þeirra 24. nóvember, um að félagið verði lagt niður frá áramótum. Fara þau fram á að verða ein nefnd í Spretti og heita kynbótanefnd. Samþykkt.
3. Gjaldkeri reifaði fjármál og rekstur þeirra þriggja félaga sem við eigum, þ.e. Hestamannafélagið Sprett, Rekstrafélag Sprettis og Fasteignafélag Sprettis.
4. Fyrirhugaðar framkvæmdir í Hattavallarhöllinn. Framkvæmdastjóri ræddi framtíðarplön.  
LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 28. nóvember 2022 kl 18

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Kolfinna gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins er Þórdís Anna Gylfadóttir þjálfari Sprettis.

Dagskrá:

1. Þórdís Anna þjálfari gerði grein fyrir starfinu sl ár. Hún var ánægð með keppnisnámskeiðið, góðir kennarar og 4 Landsmótstítlar komu í hús. Ánægð með sumarið.

Krakkarnir áhugasöm og sækja reiðtíma vel svo og bóklega fræðslu. Stefnt að ókeypiss pollanámskeiði eftir áramót. Átt gott samstarf við æskulýsnefnd og fræðisunefnd sem mætti finna fleira fólk í.

Langar að leggja áherslu á yngri flokka, minna vana börn og unglinga.

Reiðtúra hefur nefndin séð um.

Mótaröð fyrir fullorðna er í undirbúningi eftir áramót.

Að lokum sagðist hún því miður þurfa að leggja niður reiðskóla sinn fyrir börn, það svaraði ekki kostnaði að reka slíkt og hún bogaði með sér. Því væri sjálfhætt og vildi hún láta stjórn vita af því.

2. Unnið er að endurnýjun styrktarsamnings við Samskip SE
3. Áhugamannadeildin. Jenný Eriksson hefur tekið að sér að vera formaður nefndarinnar og er skipulagning hafin.
4. Aðalfundur fyrir lok mars, fara að huga að dagsetningu.
5. Heimasíðan, eitthvað rugl á bókunarkerfinu í hallirnar, athuga SE
6. LM24 - ná á bæjarfulltrúa og bæjarstjóra SE, PÖS, MT

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 14. desember 2022, kl 17.30 í Samskiptahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri funduðu með embættismönnum Kópavogsbæjar vegna
  - a. Snjóruðnings
  - b. Félagshesthúss sem er í eigu þeirra og þeir borga viðhald
  - c. Vikurinn í vellina, en Kópavogur ber helming á móti Garðabæ.
2. Mikið vandamál að losa skít. Framkvæmdastjóri í samvinnu við verktaka að bæta svæðið
3. Hitaveita mun koma Garðabæjarmegin. Ef hesthúsaeigendur hafa áhuga á að sækja um þá endilega að gera það. Framkvæmdastjóri auglýsir. LS
4. Samningurinn við Samskip. Nú er áhugi á því að taka Áhugamannadeildina inn í samninginn og breyta honum. Samskip hefur sýnt því áhuga. Formaður heldur áfram með málið SE
5. Nefndir. Mikilvægt að manna nefndir með áhugasömu fólki. Setja upp Vetrarleikaneftnd. LS
6. Skötuveisla verður á Þorláksmessu. Starfsfólk salarins með aðstoð Jóns Guðmundssonar mun sjá um skötuna. Þjóða velunnurum hjá bæjarfélögunum LS
7. Áhugamannadeildin. Jenný segir frá, 13 lið keppa, allir keppi á hverju kvöldi ef þess er óskað, B úrslit en sigurvegari þeirra fer ekki í A úrslit. Keppnin verður á föstudögum JE
8. Samþykkt að sækja um Íslandsmót áhugamanna á næsta ári LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 19.15

MT





## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 4. janúar 2023 kl 18 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Fundur með LH vegna LM24. SE, PÖS, MT og framkvæmdastjóri sóttu fundinn sem var 21. desember. Farið yfir undirbúning og teikningar af svæðinu kynntar. Ekki ljóst hvort kynbótasýningar verða. Upplýsandi fundur á báða bóga.
2. Fundur með formannai bæjarráðs Kópavog 19. desember. Hann sóttu SE, MT og framkvæmdastjóri. Það er erfitt í ári hjá Kópavogsbæ en hann ráðlagði að sækja um það sem bæjarinn gæti framkvæmt/bæjarstarfsmenn fyrir 2023 og frekar peninga fyrir 2024. Lofaði engu en var jákvæður.
3. Umsókn farin vegna heitavatsinntaks í Húsasmiðjuhöllina. LS
4. Samningur við Samskip í höfn. SE
5. LM24 Rætt um skipulag og starfsmannamál landsmóts. Ljóst að þarf að ráða framkvæmdastjóra og einstakling til að selja auglýsingar og fá styrktaraðila. Rætt um að fá fund með þeim er störfuðu við móti á Hellu, framkvæmdanefnd, þau Eirík, Magnús og Vilborgu.
6. Formaður sat fund með æskulýðsnefnd og segir starfið kraftmikið. Þau er að fara til Svíþjóðar á hestasýningu í nóvember á þessu ári. SE
7. Rætt um samstarf við Hestamannafélagið á Álftanesi.
8. Styttist í uppsetningu á speglum í Samskipahöllinni. Sprettur þakkar höfðinglegan styrk frá Hermanni Arasyni sem mun einnig sjá um uppsetningu. LS
9. Sætin í höllina eru komin og byrjað að setja þau upp. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



Stjórnarfundur dags: 25. janúar 2023 kl 18:00 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri LM22 á Hellu.

Dagskrá:

1. Mótið LM22, hvernig skipulagt og rekið.

Magnús fór yfir hvernig mótið var skipulagt og upp sett. Fór yfir hverjir standa að Rangárbökkum (6 hestamannafélög), framkvæmdastjórn fyrir mótið ráðin af Rangárbökkum.

Dómarar, dómvallur og þulir.

Þrif á svæði, fyrirkomulag

Veitingarekstur – Kvölddagskrá, fyrirkomulag

Alendis með útsendingu.

Samstarf við íþróttafélög vegna vinnu á svæðinu.

Svæðið verður að vera til viku fyrir mót, tekið út af heilbrigðiseftirliti

Tix miðasala kemur inn eftir mót

Mótstjórn með stóru málin eins og frestun vegna veðurs (fulltrúar eiganda LM)

Magnúsi þakkað fyrir að koma á fundinn. Meirihluti stjórnar vill hitta hann aftur til að fá skýrari svör.

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 6. febrúar 2023 kl 18:00 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. LM24. Helstu atriði sem fram komu.
  - a. Sveitarfélögin hafa ekki gefið tíma fyrir fund en formaður reynir enn og aftur. SE
  - b. Formaður fer á fund LH á morgun og fer yfir undirbúning. SE
  - c. Ef sveitarfélögin koma ekki að mótinu með þá peninga sem þarf, skila því eða halda það í Víðidal GMP
  - d. Afarkostir ef þarf að velja á milli stuðnings við mótið eða uppbyggingu æfingahallar og félagshesthúss. Stefna að því að mótið skerði ekki aðra uppbyggingu á svæðinu
  - e. Mikið búið að gera af því sem er á upphaflegri áætlun sem send var á bæjarfélögin. LS
  - f. Sveitarfélögin vilja ræða stuðning í gegnum starfsfólk bæjarins/áhaldahús nú í ár og svo fjármagn á næsta ári. MT
  - g. Framkvæmdastjóri hefur teiknað mótið inn á svæðið. LS
  - h. Ekki ljóst hvort kyndbótadómar verða á mótinu LS
  - i. Mikilvægt að hefja markaðsetningu og hefja miðasölu, útlendigar farnir að plana næsta ár. JE
  - j. Logo. Samþykkt að fá Grétu Guðmundsdóttur til að koma með tillögu að logo fyrir mótið. LS
  - k. Mikilvægt að ráða framkvæmdastjóra fyrir mótið og vanda val hans
  - l. Auglýsingaöflun og sponsorar. Aðili sem hefur unnið áður að auglýsingaöflun á landsmótum hefur áhuga á að starfa með okkur LS

2. Aðalfundur 28. mars kl 20:00 í Samskipahöllinni

JE, MT, SE hafa lokið sínu tveggja ára tímabili.

Reikningar frá nóvember 2021 til lok árs 2023.

Fleira ekki gert, fundi slitið

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: Símafundur 8. febrúar 2023 kl 20 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Áframhaldandi umræða um LM24.
  - a. Framkvæmdastjóri búin að ræða við Tix og fá upplýsingar LS
  - b. Auglýsingakonan tilbúin, þegar farin að fá spurningar frá fyrirtækjum sem alltaf hafa verið með á landsmótum LS
  - c. Allir sammála að hafa ekki íþróttakeppni. Það er einnig vilji LH
  
2. Vistun heimasíðu á nýjum stað, betra tilboð. Tinna SE

Fleira ekki gert, fundi slitið 21:00

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 13. febrúar 2023 kl 18:00 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Landsmót 2024

Rætt um aðkomu sveitarfélaga. SE

Formaður sendir fomlega beiðni um að hitta bæði sveitarfélögin saman. SE

2. Samskip. Beiðni eftir endanlegum samningi til að undirskrift geti farið fram SE.

3. Húsasmiðjuhöllin. Verið að útbúa aðstöðu, hús í enda hallarinnar þar sem verður smá fundarherbergi, eldhúsborð og wc. Uppsláttur að húsinu og þakvinna var í skiptum fyrir timburhúsið sunnan við Samskipahöllina. LS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19:30

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 27. febrúar 2023 kl 18 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Samingar við Samskip um að styrkja einnig áhugamannadeildina, Samskipadeildin. SE  
Áhugamannadeildin fer vel af stað. JE
2. Fundur með bæjarstjórum Garðabæjar og Kópavogs 1. mars. SE
3. Kvennatölt er á sama kvöldi og Meistaradeildarkeppni. Ath hvort hægt að breyta LS
4. Öryggismál. Mikil umferð/gegnumakstur er um Markaveg fyrir framan Hæðarenda. Vekja athygli Kópavogsbæjar á þessu LS
5. Formaður og framkvæmdastjóri á félagafund hjá LH. SE LS
6. Aðalfundur. Samþykkt að félagsgjald hækki úr 17 þúsund í kr 21 þúsund.
7. Vinna við heimasíðu alveg að ljúka. Búin að vera mikil hrakfallasaga, en er allt að koma. SE

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19:45

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 13. mars 2023 kl 18:00 í Samskipahöllinni

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður Margrét Tómasdóttir ritari, Sigríður Eiríksdóttir, Jenny Eriksson, Gunnar Már Þórðarson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. Fundur með bæjarstjórum og bæjarfulltrúum 1. mars.

Niðurstaða þess fundar er að sveitarfélögin vilja fá betur skilgreinda fjárhagsáætlun, hvað við gerum/sköffum sjálf og hvað við viljum fá frá þeim. Ljóst er að búið er að framkvæma mikið af því sem var á upphaflegri áætlun og nú í ár verður stuðningur aðallega í formi vinnuframlags bæjarstarfsmanna. Á næsta ári má gera ráð fyrir beinum stuðningi.

Okkur falið að senda þeim betur skilgreinda beiðni.

Rætt um framtíðar uppbyggingu á svæðinu þar sem aðstaðan er þegar sprungin. Næsta skref er að vinna að undribúningi stækkunar hallarinnar / nýrrar kennsluhallar og félagshesthúss. Það er ljóst að Kópavogur er ekki tilbúin að setja 200 milljónir í landsmót og styrkja uppbyggingu líka. Því verður að gera raunhæfa áætlun um aðstoð fyrir mótið svo það skerði ekki möguleika á uppbyggingu félagssvæðisins.

2. Vinnuþlagg MT dags 5.3.23

Farið yfir þá verkþætti sem þarf að laga á svæðinu sem listaðir eru í vinnuþlaggi.

Taka út tjaldstæði við Guðmundarlund, pláss fyrir tjaldstæði í beitarhólfum Garðabæjarmegin.

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við bæjarstarfsmenn og gera kostnaðaráætlun fyrir hvern þátt. LS

Hittast á föstudag og ljúka við áætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:15

MT



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 17. mars 2023 í kaffistofu Hattarvöllum 2 kl 16:15

Mættir: Sverrir Einarsson formaður sem stýrði fundi, Pétur Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Tómasdóttir ritari, Jenny Eriksson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

1. LM24. Stuðningur bæjarfélaganna.

Farið yfir efnispætti sem þurfa að koma fram í framkvæmdaáætlun svæðisins fyrir landsmótið.

Lilja búið að setja upp lista, hitta og fá áætlanir frá bæjarstarfsmönnum. Þeir eru mjög jákvæðir og telja þessi verk ekki mikið mál fyrir þá.

Einnig listað upp hvað félagið getur fengið lánað af búnaði, t.d. girðingar, borð og bekki, fánaborgir.

Listað upp hvað við gerum sjálf, hvað við fáum hjá styrktaraðilum .

Varaformaður tekur að sér að ganga frá bréfi til bæjarfélaganna með þeim upplýsingum sem teknar hafa verið saman. PÖS

Unnið að öflun styrkja vegna áburðar og grasfræs kaupa. Einnig unnið að samningum vegna grassláttis. SE LS

Verið er að byggja upp veg með skifunni að sunnanverður LS

2. Þrígangsmót félagsins er að hefjast núna ! Mikil þátttaka.

3. Beiðni kom frá skattayfirvöldum að gefa upplýsingar um greiðslur til dómara á tilteknu árabili. Gjaldkeri mun svara því. KG

4. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir að taka land í fóstur til uppgræðslu hjá Garðabæ, til moltugerðar LS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:30

MT